

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

# Leikskólinn Hólaborg

2016 – 2017



## **Leiðarljós skóla og frístundasviðs:**

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

## **Hlutverk**

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

## Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla .....	3
Leiðarljós Hólaborgar: .....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	5
2.1 Innra mat leikskólans .....	5
2.2 Ytra mat .....	6
2.3 Matsáætlun.....	7
3. Umbótaþættir.....	8
3.1 Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur.....	8
3.2 Verk-, tækni- og listnám .....	9
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	9
3.4 Fjölmening.....	10
4. Aðrar áherslur í starfi leikskólans .....	11
5. Starfsmannamál .....	12
5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	12
5.2 Starfsþróunarsamtöl .....	12
5.3 Símenntun frá síðasta ári .....	12
5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum .....	14
6. Aðrar upplýsingar .....	14
6.1 Barnahópurinn 1. júní .....	14
6.2 Foreldrasamvinna .....	14
6.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	15
6.4 Almennar upplýsingar .....	15
7. Fylgiskjöl .....	16
7.1 Matsgögn.....	16
7.2 Umbótaáætlun 2016-2017 .....	28
7.3 Leikskóladagatal .....	29
7.4 Umsögn foreldraráðs.....	30

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

# „Kenum gott með góðu“

## 1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Leikskólaárið 2015-2016 voru 54 börn í Hólaborg. Deildarnar voru þrjár og aldurskiptar. Endurnýjun í starfsmannahópnum var töluverð, meðal annars létu af störfum tveir starfsmenn sem höfðu unnið í Hólaborg í um 30 ár.

Þetta leikskólaár hefur mikill tími farið í vinnu á nýrri námskrá. Sú vinna hefur meðal annars snúið að því að eiga samtöl um starfsaðferðir og þær áherslur sem við viljum að endurspeglast í starfsemi Hólaborgar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru svo að skrifa námskrána.

Matsáætlun Hólaborgar fyrir haustið 2015 til vors 2018 tók gildi á þessu leikskólaári. Starfsfólk, foreldrar og börn kynntust breyttum starfsháttum. Eins og vænta má voru ýmsir byrjendaörðugleikar á framkvæmd matsáætlunar og má þá helst telja hversu mikinn tíma vandað mat tekur, en áfram höldum við.

Fræðsla fyrir starfsfólk leikskólans var í samstarfi við leikskólana Hraunborg og Suðurborg. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var kynnt, fyrirlestrar voru um „orðaspjall“ og samskiptaboðorðin. Samtökin Blátt áfram voru með námskeið. Starfsfólk Hólaborgar tók þátt í Breiðholtsbylgjunni ásamt öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar í Breiðholti. Einnig sóttu starfsmenn ýmis námskeið bæði sem skóla – og frístundasvið bauð uppá og hjá öðrum aðilum. Fjórir starfsmenn Hólaborgar eru í námi í Háskóla Íslands, þrír í mastersnámi og einn í grunnnámi í leikskólafræðum.

Eftir áramót fóru þrír úr stjórnendateymi Hólaborgar á námskeið til Pen Green í Englandi. Sú ferð var áhrifamikil og endurspeglast það í námskrá Hólaborgar, sem kemur fljótlega út. Þá má helst nefna sýn þeirra sem starfa í Pen Green á velferð barna, samstarf við foreldra og nálgun þeirra á lærdómsferli barna. Ýmis áherslatriði sem tengja má Pen Green má einnig sjá í þessari starfsáætlun.

Einnig fóru þrír úr stjórnendateyminu til Þýskalands á námskeið á vegum Chancengleich sem styrkt var af Erasmus+. Námskeiðið hét „Fjölmennningarleg menntun og þjálfun í leikskólum“. Þessi ferð hafði mikil áhrif á þátttakendur má þar nefna sýn sem þær kynntust á þarfir flóttamanna og flóttamannabarna. Einnig upplifðu þátttakendur sterkt mikilvægi leikskólans í lífi barnafjölskyldna sem flytjast til nýs lands. Upplifun og reynsla þeirra sem í þessa ferð fóru endurspeglast í nýrri námskrá og þessari starfsáætlun.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Innra mat leikskólans

**Hvað var metið:** Aðlögun.

**Hvenær:** September.

**Hvernig var metið:** Netkönnun á survey monkey á íslensku og pólsku.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Foreldrar nýrra barna og starfsfólk.

**Helstu niðurstöður:** Almenn ánægja foreldra og starfsfólks með þátttökuaðlögun og hvernig að henni var staðið. Eitt foreldri kom með ábendingu um að eldri börn þyrftu kannski ekki þriggja daga aðlögun og önnur athugasemd var að starfsfólk sem tók á móti barni þess fyrsta morgun eftir aðlögun hafi ekki kynnt sig fyrir nýjum foreldrum og barninu.

**Umbætur:** Aðlögun haustið 2016 tekur mið af niðurstöðum matsins og lögð verður enn frekari áhersla á að starfsfólk kynni sig fyrir nýjum foreldrum og nýjum börnum.

**Hvað var metið:** Borðhald.

**Hvenær:** Janúar – mars.

**Hvernig var metið:** Ígrundunarhópar.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Elstu börnin og starfsfólk.

**Helstu niðurstöður:** Ekki voru samræmdar reglur í matmálistímum og því ekki jafnræði á milli borða.

**Umbætur:** Gerðar voru reglur um borðhald á starfsdegi 17. maí 2016.

**Hvað var metið:** Opið hús.

**Hvenær:** Maí.

**Hvernig var metið:** Á deildarfundum í hópum.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Starfsfólk deilda.

**Helstu niðurstöður:** Opið hús var seinnipart dags og var almenn ánægja með það. Að mati starfsfólks var andrúmsloft afslappað og foreldrar tóku þátt í leikjum barnanna og spjölluðu saman. Börn og foreldrar sem voru væntanleg í Hólaborg var boðið og mættu mörg þeirra. Fram kom að gaman væri að gera starfið sýnilegra og að foreldrar færu um allt húsið.

**Umbætur:** Á næsta opna húsi verða ferilmöppur lagðar fram og foreldrum og börnum bent á að flakka um allt húsið og skoða á öllum deildum.

**Hvað var metið:** Ferilmöppur.

**Hvenær:** Maí.

**Hvernig var metið:** Á deildarfundum í hópum.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Starfsfólk deilda.

**Helstu niðurstöður:** Starfsfólk sammála um gildi ferilmappa. Þær gera starfið sýnilegt og sýna börnum, starfsfólki og foreldrum þroskaferil og námsaðferðir barnanna. Hugmyndir komu um breytingar á því sem á að vera í möppunum og hvernig það er unnið.

**Umbætur:** Að hausti verður stofnaður hópur sem vinnur að endurbótum.

**Hvað var metið:** Sjálfsmat starfsfólks á samskiptum sínum við sérhvert barn.

**Hvenær:** Mars – maí.

**Hvernig var metið:** Með samskiptaskráningum sem sjá má í viðhengi.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Allt starfsfólk.

**Helstu niðurstöður:** Starfsfólk vann með niðurstöður sínar jafnóðum, jók eða bætti samskipti sín við börnin.

**Umbætur:** Niðurstöður voru teknar saman á deildarfundi í maí og ræddar. Samskiptaskráningum verður haldið áfram næsta vetur.

**Hvað var metið:** Sjálfsmat starfsfólks á samskiptum sínum við foreldra.

**Hvenær:** Apríl – maí.

**Hvernig var metið:** Með samskiptahring sem sjá má í viðhengi.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Allt starfsfólk.

**Helstu niðurstöður:** Starfsfólk vann með niðurstöður sínar jafnóðum, jók eða bætti samskipti sín við foreldra.

**Umbætur:** Niðurstöður voru teknar saman á deildarfundi í maí og ræddar. Samskiptaskráningum verður haldið áfram næsta vetur.

**Hvað var metið:** Deildarfundir og deildarstjórafundir.

**Hvenær:** Í starfsmannasamtölum að vori.

**Hverjir tóku þátt í matinu:** Stjórnendateymi Hólaborgar.

**Helstu niðurstöður:** Gott sé að hafa einn ákveðinn fundardag og fundirnir séu hæfilega margir en starfsfólk sé oft seint á fundina og því verði þeir oft styttri eða dragist á langinn, einnig vill gleymast að lesa fundargerð síðasta fundar.

**Umbætur:** Allt starfsfólk þarf að vera meðvitað um að það séu fundir alla þriðjudagsmorgna og því þurfi að fara fyrir í fataherbergið svo starfsfólk nái tímanlega á fundi.

## 2.2 Ytra mat

Ekki var gert ytra mat á starfi Hólaborgar þetta leikskólaár.

## 2.3 Matsáætlun

Leikskólaárið 2016-2017		Áherslupættir: Heilbrigði og málrækt		
Hvað	Hvenær	Hvernig	Hverjir	Ábyrgur
<b>Heilbrigði</b>	Gögnum safnað allt árið og samantekt á deildarfundum og starfsmannafundum og í lok annar	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk	Deildarstjórar
<b>Málrækt</b>	Gögnum safnað allt árið og samantekt á deildarfundum og starfsmannafundum og í lok annar	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk	Deildarstjórar
<b>Samverustundir</b>	Október	Ígrundunarhópar	Börn og starfsfólk	Leikskólastjórar
<b>Hlutverk kennara</b>	Gögnum safnað allt árið og samantekt á deildarfundum og starfsmannafundum og í lok annar	Skráningar/munnlegt mat á fundum/demantamat	Börn og allt starfsfólk	Deildarstjórar
<b>Samskiptastefna</b>	Nóvember	Ígrundunarhópur	Deildarstjórar	Leikskólastjórar
<b>Kennum gott með góðu</b>	Gögnum safnað allt árið og samantekt á deildarfundum og starfsmannafundum og í lok annar	Skráningar/munnlegt mat á fundum/demantamat	Börn og allt starfsfólk	Deildarstjórar
<b>Útivera/útinám</b>	September	Skráningar/spurningalistar/demantamat/ígrundunarhópar	Börn, foreldrar og starfsfólk	Deildarstjórar
<b>Orðaspjall</b>	Mái	Skriflegt mat	Starfsfólk deilda	Leikskólastjórar
<b>Öskudagur</b>	Febrúar/mars	Skriflegt mat/spurningalistar	Starfsfólk/foreldrar	Leikskólastjórar
<b>Ömmu og afakaffi</b>	Mars	Skriflegt mat/spurningalistar	Starfsfólk/foreldrar	Leikskólastjórar

### 3. Umbótaþættir

Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2016 er lögð áhersla á fjóra umbótaþætti. Í þessum kafla er gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þessum umbótaþáttum.

#### 3.1 Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur

**Markmið:** Samræma læsisstefnu Hólaborgar þeim vinnubrögðum sem við höfum valið að vinna eftir.

**Leiðir:** Endurskoða læsisstefnu Hólaborgar.

**Ábyrgur:** Sigrún.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Nóvember.

**Markmið:** Að börn og foreldrar noti bókasafn Hólaborgar.

**Leiðir:** Að lána börnum bækur heim t.d. með átakanu „bókin heim“ í nóvember.

**Ábyrgur:** Deildarstjórar.

**Hvernig verður árangur metinn:** Útlán verða skráð í þar til gerða bók.

**Markmið:** Að kynna bókasafnið í Gerðubergi fyrir börnum og foreldrum.

**Leiðir:** Farið verður í bókasafnið seinnipart dags þar sem foreldrum er boðið með. Þar tekur bókasafnsvörður á móti okkur og kynnis safnið.

Farið verður með barnahópa af Krummadeild og Spóadeild í lesstundir á bókasafnið.

**Ábyrgur:** Leikskólastjóri og deildarstjórar.

**Markmið:** Að þjálfa starfsfólk í notkun leiðarvísisins „Einn leikskóli – mörg tungumál“.

**Leiðir:** Að deildarstjórar noti leiðarvísirinn með að minnsta kosti einu barni fyrir áramót.

**Ábyrgur:** Sigrún og deildarstjórar.

**Hvernig og hvenær verður árangur metinn:** Á deildarstjórafundum í desember.

**Markmið:** Móðurmálskennsla aukin.

**Leiðir:** Pólskur kennari í Hólaborg sé með stundir þar sem hún leggur áherslu á að tala pólsku og leggja inn pólsk orð og hugtök.

**Ábyrgur:** Paulina og Sigrún.

**Markmið:** Að „Lubbi finnur málbein“ verði hluti af daglegu starfi.

**Leiðir:** Fundnar og þróaðar verða leiðir til þess.

**Ábyrgur:** Sigrún og Friðbjörg.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Nóvember.



### 3.2 Verk-, tækni- og listnám

**Markmið:** Auka notkun á verðlausu efni.

**Leiðir:** Safna margskonar verðlausum efnivið og hafa hann aðgengilegan fyrir börn þar sem þau eru í skapandi starfi.

**Ábyrgur:** Deildarstjórar.

**Markmið:** Auka notkun á einingakubbum.

**Leiðir:** Skipulagðar stundir, fara inn í leik barnanna, námskeið á starfsdegi.

**Ábyrgur:** Deildarstjórar.

**Markmið:** Auka fjölbreytni í námsefni.

**Leiðir:** Að búa til þemakassa.

**Ábyrgur:** Sigrún og Friðbjörg.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Apríl 2017

### 3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

**Markmið:** Endurmeta dagskipulagið og þá þætti sem heyra undir það.

**Leiðir:** Taka afstöðu til flæðis í morgunmat og drekkutíma, flæði í leik, flæði um allt húsið oftast í viku, nota húsið öllum stundum, heimsóknir milli deilda og taka afstöðu til dótadaga.

**Ábyrgur:** Pála.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Umræður byrja á fyrsta starfsdegi og tekin afstaða til þess hvernig eigi að vinna verkið áfram.

**Markmið:** Að til verði verklýsing um það hvernig stuðningi er háttað í Hólaborg.

**Leiðir:** Gera verklýsingu

**Ábyrgur:** Pála, Sigrún og Friðbjörg.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Janúar 2017.

**Markmið:** Að kynna demantaaðferðina fyrir starfsfólki og börnum.

**Leiðir:** Tveir starfsmenn prófi að nota aðferðina og kynni fyrir öðrum.

**Ábyrgur:** Sigrún og Hildur.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Að minnsta kosti 1x fyrir áramót og 1x eftir áramót.

**Markmið:** Að skima sjálfsmynd og félagsfærni barna.

**Leiðir:** Nota skimunina sem er á innra neti Reykjavíkurborgar.

**Ábyrgur:** Deildarstjórar.

**Hvernig og hvenær verður árangur metinn:** Um áramót á deildarstjórafundi og í maí.

**Markmið:** Að skima vellíðan og hversu hugfangin börnin eru í leik.

**Leiðir:** Nota aðferðir Pen Green og þau skemu sem þau nota þar.

**Ábyrgur:** Pála, Sigrún, Anna Gyða og Friðbjörg.

**Hvernig og hvenær verður árangur metinn:** Annan hvern mánuð.

**Markmið:** Skoða hvort hlutverk lykilpersóna hæfa starfi Hólaborgar.

**Leiðir:** Lesa og ræða fræði Pen Green um hlutverk lykilpersóna og máta við þá starfsemi sem er í Hólaborg.

**Ábyrgur:** Pála, Sigrún, Anna Gyða og Friðbjörg.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Nóvember 2016.

**Markmið:** Að deildarstjórar æfist í að nota myndbönd til að skoða hvernig börn leika og læra.

**Leiðir:** Tekin verða upp myndbönd og þau skoðuð með foreldrum í foreldrasamtölum. Anna Gyða tekur myndbönd sem notuð verða til að sýna starfsfólki hvernig nota megir myndbönd til að skoða leik barna.

**Ábyrgur:** Anna Gyða, Friðbjörg, Sigrún og Pála.

**Markmið:** Að leikskólarnir Holt, Hólaborg og Ösp vinni saman að verkefnum þar sem áhersla er lögð á barnið og fjölskyldu þess.

**Leiðir:** Sameiginleg sýn stjórnenda leikskólanna verður mótuð og formgerð.

**Ábyrgur:** Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar Holts, Hólaborgar og Aspar.

**Markmið:** Foreldrasamstarf.

**Leiðir:** Mappa um foreldrasamstarf endurskoðuð.

**Ábyrgur:** Pála

### 3.4 Fjölmening

Í Hólaborg er lögð áhersla á að fjölmening sé órjúfanlegur þáttur í fjölbreytileika leikskólastarfsins. Fjölmening fellur undir þáttinn um mannréttindi þar sem jöfnuður og lýðræði er virt.

**Leiðir:** Sjá hér að ofan í þættinum: Lýðræði, jöfnuður og mannréttindi.

#### 4. Aðrar áherslur í starfi leikskólans

**Markmið:** Græn skref 2 og 3.

**Ábyrgur:** Pála.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Á leikskólaárinu.

**Markmið:** Starfsmannhandbók kláruð.

**Ábyrgur:** Pála og Sigrún.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Fyrir áramót.

**Markmið:** Móttökuáætlun fyrir nýliða kláruð.

**Ábyrgur:** Pála og Sigrún.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Fyrir áramót.

**Markmið:** Taka afstöðu til þess hvernig heimasíðan og facebook síðan eru notaðar.

**Ábyrgur:** Deildarstjórar og stjórn foreldrafélagsins.

**Hvenær á verkefni að ljúka:** Í október.

**Markmið:** Að Hólaborg verði heilsueflandi leikskóli.

**Leiðir:** Að taka þátt í heilsueflandi Breiðholt og heilsueflandi leikskólar á vegum Landlæknisembættisins.

**Ábyrgur:** Pála og stýrihópur Hólaborgar fyrir Heilsueflandi Breiðholt.

## 5. Starfsmannamál

### 5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100 %	B.Ed. gráða í leikskólafræðum
Aðstoðarleikskólastjóri	1	80 %	B.Ed. gráða í leikskólafræðum
Deildarstjórar	4	300%	Leikskólakennarapróf, B. Ed. í leikskólakennarafræðum
Sérkennslustjóri	1	50%	B.Ed gráða í leikskólafræðum
Leikskólasérkennari	1	50%	B.Ed gráða í leikskólafræðum
Leikskólaliði	3	264%	Leikskólaliði
Leikskólaleiðbeinandi A	1	100%	B.Ed. gráða í grunnskólakennarafræðum.
Leiðbeinandi 2	2	181.25%	
Leiðbeinandi 1	2	200%	
Starfsmaður 2	2	100%	
Starfsmaður 2	1	100%	Stúdentspróf
Matreiðslumaður	1	100%	Matreiðslumaður

### 5.2 Starfsþróunarsamtöl

Deildastjórar taka starfsmannasamtöl við starfsfólk á sinni deild tvisvar á leikskólaárinu, í nóvember og apríl. Leikskólastjórar og deildastjórar eiga samtál einu sinni í mánuði og formleg starfsmannasamtöl tvisvar á leikskólaárinu. Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl við alla í apríl.

### 5.3 Símenntun frá síðasta ári

Námskeið fyrir sérkennslustjóra - Friðbjörg

Talþjálfun. Framtíðarsýn og hagnýtar lausnir - Sigrún

Fjölmenningarferni - Pála og Anna Gyða

Leiðtogaskóli - Hildur og Baldvina

Viðverustjórnun - Pála

Breytingastjórnun - Pála

Fjölmenningarleg menntun og þjálfun í leikskólum. ERASMUS Training course í Dortmund

- Pála, Sigrún og Friðbjörg

Pen Green. Working with parents - Pála, Sigrún og Anna Gyða

Þjálfunarnámskeið GRR - Anna Gyða, Sigríður og Friðbjörg  
Jafningjastjórnun - Sigrún  
Atferlisþjálfun fyrir börn með einhverfu - Sigríður, Friðbjörg og Anna Gyða  
Skráningarnámskeið hjá GRR - Sigríður og Friðbjörg  
Þjónandi forysta - Pála  
Forysta og leiðtogahæfni - Pála  
Fjölmenningarfræðsla, Jim Cummins - Pála og Anna Gyða  
Linguistically Appropriate Practise - Anna Gyða  
„Gerðu og ég sé-segðu og ég heyri“ - Helga, Ragnhildur og Íris  
Sykursýki barna í leik- og grunnskólum - Hildur og Baldvina  
Skráningarnámskeið í Sæborg - Sigrún, Friðbjörg, Anna Gyða, Halldóra, Baldvina og Hildur  
Breiðholt, heilsueflandi samfélag - Alda, Anna Gyða og Ingveldur  
Fimm leiðir að vellíðan - Anna María og Unnur  
Okkar leið til læsis - Baldvina, Hildur og Sigríður  
Leikur að læra - Halldóra og Ragnhildur  
Pólland í hnotskurn - Helga og Pála  
Eru tengsl á milli líkamshreysti og hugrænnar færni - Ingveldur  
Amstur dagsins með ilmkjarnaolíum - Paulina og Unnur  
Líf og fjör í vinnunni - Sólveig, Alda, Anna Gyða, Anna María og Sigríður  
Börn og móðurmál - Baldvina og Hildur  
Uss! hættu þessu fikti og flandri - Halldóra, Ragnhildur, Friðbjörg og Sólveig  
Geðsjúkir í návígi - Helga  
Tvítýngi, móðurmál og íslenska sem annað mál - Paulina  
Þjónandi leiðsögn sem samskiptaleið - Pála  
Kynning á verkefninu „Allra mál“ og Orðaspjalli - Allir starfsmenn  
Samskiptaboðorðin - Allir starfsmenn  
Kynning á mannréttindastefnu - Allir starfsmenn  
Fyrirlestur frá Blátt áfram - Allir starfsmenn  
Fyrirlestur um fjölmenningu hjá Fríðu Bjarneyju - Allir starfsmenn  
Heilsueflandi Breiðholt, kynning - Pála og Sigrún  
Nám í framhaldsdeild HÍ - Pála  
Nám í grunnnámi HÍ - Sigríður  
Kynningar í Ráðhúsinu á Stóra leikskóladeginum - Allir starfsmenn

#### 5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Lögð verður áhersla á fræðslu um samstarf við fjölskylduna í anda Pen Green og fetum leiðina í átt að auknum samskiptum og stuðningi við þær fjölskyldur sem þess þarfnast. Leitum leiða til að mæta þörfum þeirra sem þurfa meiri stuðning og styðjumst við þær leiðir sem farnar eru hjá Pen Green.
- Áætlað er að fara í námsferð til London og kynna okkur leikskóla með fjölskyldumiðstöðvum.  
Á áætlun er að allt starfsfólk fái fræðslu frá Jafnréttisskólanum 14.nóvember, fari á skyndihjálparnámskeið 13. janúar og fái fræðslu um kvíða barna (ótímasett).

## 6. Aðrar upplýsingar

### 6.1 Barnahópurinn 1. júní

- Í Hólaborg eru 54 börn þann 1. júní 2016 og það er jafnt kynjahlutfall eða 27 stúlkur og 27 drengir.
- Dvalarstundir eru 450.5.
- 8 börn njóta stuðnings, samtals 29 klukkustundir.
- Það eru 25 börn með annað tungumál en íslensku í málumhverfi sínu, þar af eru 22 með annað móðurmál en íslensku.
- Í Hólaborg tölum við 12 tungumál.

### 6.2 Foreldrasamvinna

- Í **foreldraráði** sitja þrjú foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráðið sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist á sex til átta vikna fresti allan veturinn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið áábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins.
- **Foreldrasamtöl** eru minnst tvö á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í eitt. **Haustofeldrasamtöl** eru á öllum deildum í okt. og nóv. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið yfir einstaklingsáætlun og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir Tras, Efi 2 og Hljóm 2 þar sem það á við og farið yfir öryggismöppu hvers barns.  
**Vorforeldrasamtöl** eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Þá er lögð áhersla á að foreldrar allra barna komi. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins.  
**Vorforeldrasamtal** fyrir elsta árganginn er í maí. Farið er yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.

- **Foreldrafundir** verða tveir í september. Einn fyrir allar deildir saman þar sem starf vetrarins verður kynnt og annar fundur fyrir nýja foreldra þar sem farið verður ítarlega í ýmis atriði varðandi leikskólagöngu barnsins.
- **Foreldrafélag** er starfandi í Hólaborg. Þeir foreldrar sem velja að vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir eru sveitiferð, kort frá jólasveini, jólasveinn á jólaballi, leikhús og hoppukastalar. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í uppákomur fyrir þau börn sem eru í leikskólanum en ekki safna þeim í sjóð. Foreldrafélagið er með læsta facebook síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum. Einnig hefur leikskólinn notað síðuna til að setja inn skoðanakannanir og spurt foreldra álits á sem dæmi afmælisreglum, heimasíðu og litadögum.

### 6.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Ráðgert er að samstarf við Hólabrekkuskóla verði eins og undanfarin ár. Þannig að börnin fara í fjórar heimsóknir í Hólabrekkuskóla eftir áramót. Hólabrekkuskóli er skoðaður, heimsókn í kennslustund, íþróttahúsið heimsótt og skemmtun sem 1. bekkur bíður til. 1. bekkur í Hólabrekkuskóla hefur svo komið í tvær heimsóknir til okkar í Hólaborg, eina inniheimsókn og eina útiheimsókn.
- **Aðrir samstarfsaðilar** Hólaborgar auk Hólabrekkuskóla eru Frístundaheimilið Álfheimar, Leikskólarnir Suðurborg, Hraunborg, Ösp og Holt, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Skóla -og frístundasvið.
- Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla um mál og læsi.

### 6.4 Almennar upplýsingar

Starfsdagar eru 6 heilir dagar og tveir þriggja klukkustunda starfsmannafundir utan opnunartíma.

16. sept. - Óákveðið efni

14. nóv. - Jafnréttisskólinn

13. jan. - Skyndihjálparnámskeið

13. mars - Fyrirlestur um kvíða barna

24. maí og 26. maí - Tveir starfsdagar teknir í London þar sem starfsfólk kynnis sér foreldrasamstarf í leikskólum sem reka fjölskyldumiðstöðvar.

19. okt. og 15. feb. - Starfsmannafundir

Allir starfsdagarnir eru teknir á sama tíma og hjá leikskólunum Suðurborg og Hraunborg og er fræðslan sem talin er upp hér að ofan haldin saman.

Tveir dagar eru á sama tíma og Hólabrekkuskóli eða 14. nóv. og 13. mars.

7.1 Matsgögn

**Deildarmat**

**Deild: Opið hús - tvær stjörnur og ein ósk**



#



#



#



## Deildarmat

Deild: Ferilmöppur – tvær stjórnur, tvær óskir og úrbætur



## Endurmat á gildum og námsleiðum Hólaborgar

Fyrir hvert gildi og hverja námsleið eru sex markmið í (bráðum) nýrri námskrá Hólaborgar. Hver hópur fer yfir eitt gildi og eina námsleið og segir frá því hvernig þær birtast í starfinu, hvað vantar upp á og hvernig við getum bætt það.

### Hamingjumarkmið Hólaborgar:

- Að jákvætt viðhorf sé til allra barna og allra foreldra og allir boðnir velkomnir.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að við leggjum okkur fram við að kynnast hverju barni og fjölskyldum þess.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að tekið sé mið af þörfum fjölbreytts barna-, foreldra- og starfsmannahóps og vinnum með viðhorf okkar og fordóma.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að veita hverju barni umhyggju, skilning og ýtum undir velgengi þess.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að sjá til þess að börnin fái tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleika og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börnin upplifi gildi þakklætis og þau læri að vera þiggjandi og veitandi þakklætis.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**

## Endurmat á gildum og námsleiðum Hólaborgar

Fyrir hvert gildi og hverja námsleið eru sex markmið í (bráðum) nýrri námskrá Hólaborgar. Hver hópur fer yfir eitt gildi og eina námsleið og segir frá því hvernig þær birtast í starfinu, hvað vantar upp á og hvernig við getum bætt það.

### Heilbrigðismarkmið Hólaborgar:

- Að hafa jákvæðan leikskólabrag þar sem daglegar athafnir stuðla að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan barna, starfsmanna og foreldra.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að sjá hvað barnið getur og kann og það öðlist sterka sjálfsmynd.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að sjá til þess að börnin eigi samleið með öðrum og njóti viðurkenningar.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að fjölbreytt hreyfing sé hluti af daglegu starfi.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að bjóða upp á heilsusamlegt fæði og leiðbeina við borðhald.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að stuðla að hreinlæti og snyrtimennsku.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**

## Endurmat á gildum og námsleiðum Hólaborgar

Fyrir hvert gildi og hverja námsleið eru sex markmið í (bráðum) nýrri námskrá Hólaborgar. Hver hópur fer yfir eitt gildi og eina námsleið og segir frá því hvernig þær birtast í starfinu, hvað vantar upp á og hvernig við getum bætt það.

### Sjálfræðismarkmið Hólaborgar:

- Að börn og starfsfólk sé virkt í öllu starfi Hólaborgar.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að efla einstaklinginn þannig að hann verði sjálfstæður og ábyrgur og geti tjáð líðan sína og hugmyndir.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börnin finni að það sé hlustað á þau, tekið mark á því sem þau segja og þau taki þátt í ákvörðanatöku.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börnin fái frelsi til að gera sjálf með tilliti til þroska og getu.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að það sé val um fjölbreytt og aðgengileg verkefni og viðurkenning á mismunandi vinnubrögðum og leiðum í leik og starfi.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að virtur sé réttur allra barna, starfsfólks og foreldra til að njóta lífsins og til að hafa sínar eigin skoðanir.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**

## Endurmat á gildum og námsleiðum Hólaborgar

Fyrir hvert gildi og hverja námsleið eru sex markmið í (bráðum) nýrri námskrá Hólaborgar. Hver hópur fer yfir eitt gildi og eina námsleið og segir frá því hvernig þær birtast í starfinu, hvað vantar upp á og hvernig við getum bætt það.

### Leikmarkmið Hólaborgar eru þessi:

- Að leikumhverfið styðji við vellíðan og þarfir allra barna.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börnin leiki af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að við sjáum til þess að öll börn hafi tækifæri til að læra í gegnum leik bæði úti og inni.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að við gefum leik tíma og rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að starfsfólk séu virkir þátttakendur í leikjum barnanna.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið/leikefni.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**

## Endurmat á gildum og námsleiðum Hólaborgar

Fyrir hvert gildi og hverja námsleið eru sex markmið í (bráðum) nýrri námskrá Hólaborgar. Hver hópur fer yfir eitt gildi og eina námsleið og segir frá því hvernig þær birtast í starfinu, hvað vantar upp á og hvernig við getum bætt það.

### Sköpunarmarkmið Hólaborgar:

- Forvitni barna og starfsfólks er viðurkennd og við ræktum hæfileika til tjáningar og sköpunar.

**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**

**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**

**Hugmyndir af úrbótum**

- Að frelsi sé til að fara ólíkar leiðir að sama takmarki.

**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**

**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**

**Hugmyndir af úrbótum**

- Boðið er upp á að vinna með margvíslegan og opinn efnivið.

**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**

**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**

**Hugmyndir af úrbótum**

- Að starfsfólk komi til móts við þarfir allra barna með ólíkum kennsluháttum.

**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**

**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**

**Hugmyndir af úrbótum**

- Að börnin njóti þess að taka þátt í skapandi ferli, finni ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.

**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**

**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**

**Hugmyndir af úrbótum**

- Ímyndunarafli barnanna er leyft að njóta sín og forðast er að nota efnivið með fyrirfram ákveðnum lausnum.

**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**

**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**

**Hugmyndir af úrbótum**

## Endurmat á gildum og námsleiðum Hólaborgar

Fyrir hvert gildi og hverja námsleið eru sex markmið í (bráðum) nýrri námskrá Hólaborgar. Hver hópur fer yfir eitt gildi og eina námsleið og segir frá því hvernig þær birtast í starfinu, hvað vantar upp á og hvernig við getum bætt það.

### Málræktarmarkmið Hólaborgar:

- Að allir fái að njóta sín í gefandi og uppbyggjandi samskiptum.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að efla hlustun, máltjáningu, orðaforða, málskilning og hljóðvitund.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að fylgst sé með því að öllum fari stöðugt fram og unnið sé með hvert barn þar sem það er statt hverju sinni.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér virkt tvítyngi og öðlist þannig færni í að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að börnin upplifi tilgang og gildi ritmáls og læsis til gagns og gleði.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**
- Að styðja foreldra við að viðhalda og efla móðurmál barna sinna og fræða þá um mikilvægi móðurmálsins.  
**Hvað erum við að gera gott til að ná þessu markmiði?**  
**Hvað getum við gert betur til að ná þessu markmiði?**  
**Hugmyndir af úrbótum**

# Samskiptaskráning

Starfsmaður: \_\_\_\_\_

Engin samskipti: Starfsmaður á engin samskipti við barnið yfir daginn.

Neikvæð samskipti: Skammir og inngrip.

Lítill samskipti: T.d starfsmaður býður góðan daginn persónulega eða kveður það persónulega eða á í litlum samskiptum við barnið yfir daginn.

Mikil samskipti: Starfsmaður sinnir barninu og á gæða stundir með því yfir daginn, persónulega eða í litlum hóp.

Nafn barns	Engin samskipti	Lítill samskipti	Mikil samskipti	Neikvæð samskipti

(Fengið frá Laufskálum)



## **Borðhald**

### **Ígrundunarhópar með starfsfólki og börnum.**

Hvaða reglur eru?

Eru þetta góðar reglur?

Eru allir kennarar með eins reglur?

Hvernig læra börn að borða fjölbreytt fæði?

Má setja börnin í beisli í matartímanum?

Eiga börn að skammta sér sjálf?

Hvenær geta börn gengið sjálf frá eftir matinn?

Mega börnin velja sjálf hvað þau borða?

Eru klósettferðir leyfðar á matmálstímum?

Eru sömu reglur fyrir stór og lítil börn?


Á að klára matinn sinn?

## Aðlögun

### Könnun gerð á heimasíðu survey monkey

1. Hvernig gekk aðlögunin/ Jak wg państwa przebiegł okres przyzwyczajania dziecka w przedszkolu (pierwsze trzy dni z rodzicem)?
2. Hvað gekk vel/ Co było dobre?
3. Hverju mætti breyta/Co należałoby poprawić?
4. Foreldrasamtöl myndi ég vilja hafa/ Czy spotkanie rodzica z dyrektorem przedszkola powinno odbyć się:  
Fyrir aðlögun/Przed przyzwyczajaniem  
Í aðlögun/w trakcie przyzwyczajania  
Eftir að aðlögun er lokið/po przyzwyczajaniu
5. Foreldrafund nýrra barna myndi ég vilja hafa/ Czy wspólne zebranie z rodzicami nowych dzieci powinno odbyć się  
Fyrir aðlögun/Przed przyzwyczajaniem  
Í aðlögun/w trakcie przyzwyczajania  
Eftir að aðlögun er lokið/po przyzwyczajaniu
6. Hvaða upplýsingar fannst þér vanta/ Jakich informacji wg państwa zabrakło?
7. Annað sem þú vilt taka fram/ Inne uwagi

Samskipti við foreldra.



## 7.2 Umbótaáætlun 2016-2017

Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Niðurstöður metnar
Lengd á aðlögun eldri barna.	Deildarstjórar eldri barna og foreldrar ákveði aðlögun barnsins í sameiningu eftir fyrsta dag í aðlögun.	Að hausti 2016.	Deildarstjórar á Spóadeild og Krummadeild.	Samræður við foreldra eldri barna eftir aðlögun.	Í síðasta lagi í foreldrasamtali að hausti.
Að foreldrar geti skilið börnin sín eftir hjá aðila sem þau þekkja strax eftir aðlögun.	Deildarstjórar skoði dvalartíma nýrra barna áður en aðlögun líkur og skoði hverjir taka á móti barninu.	Að hausti 2016.	Deildarstjórar.	Samræður við foreldra eftir aðlögun.	Í síðasta lagi í foreldrasamtali að hausti.
Að foreldrar þekki starfsfólk á öllum deildum.	Starfsfólk kynni sig fyrir öllum nýjum börnum og foreldrum.	Að hausti 2016.	Deildarstjórar.	Samræður við foreldra eftir aðlögun.	Í síðasta lagi í foreldrasamtali að hausti.
Að skýrt sé hvað má og hvað á, í matmálistímum.	Búið er að gera sameiginleg „vinnubrögð við borðhald“.	Búið.	Deildarstarfsfólk.		Í næstu matsáætlun.
Opið hús – gera starfið sýnilegra.	Leggja fram ferilmöppur og foreldrar hvattir til að fara um allt húsið og skoða á hinum deildunum líka.	Vor 2016 .	Deildarstjórar.	Munnlegt mat.	Á starfsmannafundi eftir opið hús.
Ferilmöppur – þróa þær frekar.	Stofnaður verður hópur að hausti sem vinnur að endurbótum á ferilmöppum.	Upphaf að hausti 2016.	Pála.	Skriflegt mat.	Á starfsmannafundi að vori.
Starfsfólk mæti á réttum tíma á deildarstjóra og deildarfundi.	Farið verði fyrir í fataherbergið á þriðjudögum.	Haust 2016.	Allt starfsfólk.	Munnlegt mat.	Á starfsmannafundum í lok haust og voranna.
Markvissari vinna eftir deildarstjóra og deildarfundi.	Gerðar séu fundargerðir og fundir byrjaðir með að fara yfir fundargerð síðasta fundar.	Haust 2016.	Stjórnendateymi.	Munnlegt mat.	Á starfsmannafundum í lok haust- og voranna.

### 7.3 Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2016 - 2017

Nafn leikskóla: Hólaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Frídagur verslunarmanna	1 F Foreldrafundur nýrra barna	1 L Bók að heima í okt	1 Þ Deildarfundur	1 F Fullveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M Öskudagur	1 L Bók heim í apríl	1 M Verkalífsdagurinn	1 F	1 L
2 Þ Sumarfrí	2 F Söngfundur K	2 S	2 M	2 F Söngfundur K	2 M	2 F	2 F	2 S Dagur barnabókanna	2 Þ Deildarfundur	2 F Söngfundur K	2 S
3 M Sumarfrí	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ Deildarfundur	3 F Ólístasjóning/söngf. L	3 F Söngfundur K	3 M Starfsmannasamtöl	3 M	3 L	3 M
4 F Leikskólinn opnar	4 S	4 Þ Deildarfundur	4 F Söngfundur L	4 S	4 M	4 L Ólístasjóning	4 L Bók að heima í mars	4 Þ Deildarfundur	4 F	4 S Hvítasunnud/Sjómannad	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L Bókin heim í nóv	5 M	5 F	5 S Ólístasjóning	5 S	5 M Starfsmannasamtöl	5 F söngfundur L	5 M Annar í Hvítasunu	5 M
6 L	6 Þ Deildarfundur	6 F Stjóriþópur heilsueflandi	6 S	6 Þ Deildarfundur	6 F Söngfundur S Drottándinn	6 M Dagur leikskólans/ Ólísta	6 M Vorþrið	6 F Starfsmannasamtöl	6 L	6 Þ Deildarstjórnarfundur	6 F
7 S	7 M	7 F Söngfundur S	7 M Foreldrasamtöl L	7 M	7 L	7 Þ Deildarfundur	7 Þ Deildarfundur/Vorþrið	7 F Söngfundur S	7 S	7 M	7 F Söngfundur S
8 M Haustþrið	8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Deildarfundur	8 F Smáskólabók	8 S	8 M Stjóriþópur heilsueflandi	8 M Vorþrið	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Haustþrið	9 F	9 S	9 M	9 F Jólalangi	9 M	9 F	9 F Vorþrið	9 S Pálmasunnudagur	9 Þ Deildarfundur	9 F Háitið	9 S
10 M Haustþrið	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ Deildarfundur	10 F Appelsínugulur dagur	10 F Vorþrið	10 M	10 M Foreldrasamtöl elstu	10 L	10 M
11 F Haustþrið	11 S	11 Þ Deildarfundur	11 F Menningarmót	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ Deildarfundur	11 F Foreldrasamtöl elstu	11 S	11 Þ
12 F Haustþrið	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F Flugdagur	12 S	12 S	12 M	12 F Gulur dagur	12 M	12 M
13 L	13 Þ Deildarfundur	13 F Stökkvullbá Elstu	13 S	13 Þ Deildarfundur	13 F Starfsdagur	13 M	13 M Starfsdagur	13 F Skírdagur	13 L	13 Þ Deildarfundur	13 F
14 S	14 M	14 F Blekur dagur	14 M Starfsdagur	14 M	14 L	14 Þ Deildarfundur	14 Þ Deildarfundur	14 F Föstudagurinn langi	14 S	14 M	14 F
15 M Haustþrið	15 F Grænn Dagur	15 L	15 Þ Deildarfundur	15 F	15 S	15 M Kvöldfundur	15 M Foreldrasamtöl K	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ Haustþrið	16 F Starfsdagur	16 S	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 F Rauðundagur	16 M	16 F	16 F	16 S Páskadagur	16 Þ Deildarstjórnarfundur	16 F Flóubládagur	16 S
17 M Haustþrið	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ Deildarfundur	17 F Stelpukaffi	17 F HöfuMatadagur	17 M Annar í páskum	17 M Útskriftaferð	17 L Ljóbeldisdagurinn	17 M
18 F Haustþrið	18 S	18 Þ Deildarfundur	18 F Vasaljósa og náttúrad.	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ Deildarstjórnarfundur	18 F Dótadagur	18 S	18 Þ
19 F Haustþrið	19 M	19 M Kvöld starfsmannafund	19 L	19 M	19 F	19 S Konudagur	19 S	19 M	19 F Stóri leikskóladagurinn	19 M	19 M
20 L	20 Þ Deildarfundur	20 F	20 S	20 Þ Deildarstjórnarfundur	20 F Strákakaffi	20 M	20 M Foreldrasamtöl S	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ Deildarfundur	20 F
21 S	21 M Foreldrafundur allir	21 F	21 M Starfsmannasamtöl	21 M	21 L	Deildarstjórnarfundur og Alþj. meðurmálstíni	21 Þ Deildarstjórnarfundur	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L	22 Þ Deildarstjórnarfundur	22 F	22 S	22 M	22 M	22 M	22 M	22 F	22 L
23 Þ Deildarstjórnarfundur	23 F	23 S	23 M Starfsmannasamtöl	23 F Þorlákssmessu	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ Deildarfundur	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M Foreldrasamtöl K	24 F Starfsmannasamtöl	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ Deildarstjórnarfundur	24 F Dótadagur	24 F	24 M Starfspróunarsamtöl	24 M Starfsdagur/Námserfð	24 L	24 M
25 F Aðlögun	25 S	25 Þ Deildarstjórnarfundur	25 F Dótadagur/ Jólagleði St	25 S Jóladafur	25 M	25 L	25 L	25 Þ Deildarfundur/Umhverfis	25 F Uppsetningardagur	25 S	25 Þ
26 F Aðlögun/Dótadagur	26 M Evrópski tungumáladagur	26 M	26 L	26 M Annar í jólum	26 F	26 S	26 S	26 M Starfspróunarsamtöl	26 F Starfdagur/námserfð	26 M	26 M
27 L	27 Þ Deildarstjórnarfundur	27 F Alþjóðlegi bangsdagurinn	27 S	27 Þ	27 F Dótadagur	27 M Bolludagur	27 M Foreldrasamtöl L	27 F	27 L	27 Þ Deildarfundur	27 F
28 S	28 M	28 F Dótadagur	28 M	28 M	28 L	28 Þ Sprengidagur/Deildarfu	28 Þ Deildarfundur	28 F Dótadagur	28 S	28 M	28 F
29 M Aðlögun	29 F	29 L	29 Þ Deildarfundur	29 F	29 S	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 L
30 Þ	30 F Dótadagur	30 S	30 M	30 F Dótadagur	30 M	30 F	30 S	30 Þ Deildarfundur	30 F Dótadagur	30 S	30 M
31 M		31 M Foreldrasamtöl S bjaja		31 L Gamlársdagur	31 Þ Deildarfundur		31 F Dótadagur		31 M Útskrif		31 M

Í reglum um leikskólabjónustu segir:  
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Bóm sem deilja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi Leikskólastjón ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og foreldraáð vöðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga.  
 Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjónmændur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

## 7.4 Umsögn foreldraráðs

### **Starfsáætlun 2016 – 2017** **Nafn leikskóla**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Erla Agnes Guðbjörnsdóttir**  
**Fjölur Björgvinsson**  
**Linda Dögg Guðmundsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð hefur lesið starfsáætlun Hólaborgar fyrir veturinn 2016-2017 og samþykkir áætlunina.

Foreldraráð fagnar því að ný námsskrá sé væntanleg. Námsskráin tekur mið af fjölbreyttum nemendahópi og fjölskyldum þeirra og er foreldraráð sátt við þá þróun. Starfsáætlun fyrri starfsárs lagði mikla áherslu á að laga stefnu og starf leikskólans að fjölbreyttum nemenda- og foreldrarhópi skólans og telur foreldraráð að með nýrri námsskrá sé verið að reka smiðshöggð á þá stefnubreytingu og telur einnig að stjórnendum og starfsfólki hafi tekist vel til. Starfsfólk Hólaborgar leitar ýmissa leiða til að fræðast um fjölmenningslega menntun og hefur m.a. ferðast til Þýskalands í þeim tilgangi. Foreldraráð telur stjórnendur og starfsfólk sinna endurmenntun vel og fagnar því að litið er á breytt starfsumhverfi sem tækifæri til að fræðast betur.

Nokkur áhersla hefur verið á Matsáætlun Hólaborgar með breyttum starfsháttum sem henni fylgja. Mikil ánægja er með innra mat, sérstaklega má nefna innra mat borðhalds, þar sem elstu börn og starfsfólk mátu borðhaldið og fundu út að ekki voru samræmdar reglur í matmálistímum og því ekki jafnræði á milli borða. Því hafa verið settar samræmdar reglur um borðhald í framhaldinu og tekið var mark á skoðunum og röddum nemenda skólans. Einnig er mikil ánægja með sjálfsmat starfsfólks á samskiptum sínum við sérhvert barn og sérhvert foreldri.

Starfsáætlunin er gegnsæ og skipulega sett upp þannig að auðvelt ætti að vera að fylgja henni eftir. Tekið er fram hvað var metið, á hvaða hátt, hvenær umbætur voru eða verða, hvernig umbætur voru eða verða og ávallt er tiltekinn ábyrgðaraðili umbótanna. Þetta teljum við í foreldraráð vera góð og skipulögð vinnubrögð sem við vonum að starfsfólk Hólaborgar nái að fylgja eftir. Starfsáætlunin gerir okkar starf einnig auðveldara, við sjáum auðveldlega hvað er lagt upp með, hvenær því er hrint í framkvæmd og á hvaða hátt.

Fyrir hönd foreldraráðs Hólaborgar:

Erla Agnes Guðbjörnsdóttir



Fyrir hönd leikskólans Hólaborg

Pála Pálsdóttir

30. júní 2016

---

Leikskólastjóri

Dagsetning